



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2020

2010011SA KB/bg
Málalykill: 00.64

Efni: Áform um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf – Mál nr. 196/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. september sl. þar sem óskað var eftir umsögn um áform um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf. Meginmarkmið fyrirhugaðs frumvarps er að lagaheimild sé til staðar svo einstaklingar með íslenska kennitölu og lögaðilar sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá eigi sitt pósthólf og að stjórnvöldum verði heimilt að senda gögn til þeirra með stafrænum hætti. Sú aðferð að senda gögn á vegum hins opinbera með rafrænum hætti mun þá hafa sömu réttaráhrif og þegar bréf er í dag sent á lögheimili viðkomandi. Þannig er verið að auka þjónustu við almenning og fyrirtæki þar sem stefnt er að því að hægt verði að nálgast öll skjöl frá stjórnvöldum á einum stað sem leiðir til einföldunar, aukins hagræðis og tímasparnaðar fyrir samfélagið í heild.

Samkvæmt áformaskjalinu er ávallt talað um stjórnvöld og opinbera aðila og því má ætla að sveitarfélögum standi einnig til boða að nýta sér stafrænt pósthólf í samskiptum við einstaklinga og lögaðila. Segir meðal annars að „Með viðmóti þjónustugáttarinnar, pósthólfi og „mínum síðum“ munu almenningur, fyrirtæki og stofnanir geta aflað upplýsinga, afgreitt erindi sín við ríki og sveitarfélög og fylgst með stöðu sinna erinda á einum stað“. Það vekur því furðu að þegar skjal um mat á áhrifum lagasetningar er lesið segir „Fari svo að sveitarfélögum verði gefinn kostur á að nýta sér pósthólfið til að senda gögn til einstaklinga og lögaðila þá mun það hafa jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaganna.“ Er því ósamræmi milli áformaskjalsins sem talar um stjórnvöld og opinbera aðila og sveitarfélög því innifalin í þeirri upptalningu en síðan gefur skjalið um mat á áhrifum í skyn að óljóst sé hvort sveitarfélögum verði gefinn kostur á að nýta sér pósthólfið.

Sambandið leggur mikla áherslu á að sveitarfélögum verði gefin kostur á að nýta sér stafrænt pósthólf strax frá upphafi og að frumvarpið taki mið af því. Eðlilegt er að Samband Íslenskra Sveitarfélaga sé talið einn af helstu hagsmunaaðilum frumvarpsins og að sérstakt samráð verði við sambandið við gerð frumvarpsins sem og við tæknilega útfærslu þess. Þannig er hægt að tryggja að frumvarpið og síðan stafrænt pósthólf uppfylli þarfir sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri